

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

24. mars 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í síðustu viku var mikið fjör í skólanum enda voru allir nemendur skólans saman komnir á Hofsósi í dans- og nýsköpunarviku. Vorum við rosalega ánægð með góða mætingu á dans- og nýsköpunarsýninguna á föstudeginum, því það er alltaf gleðilegt að sjá stuðninginn frá samfélaginu í svona verkefnalotum.

Sundkennsla

Frá og með mánudeginum 27. mars mun sundkennsla hefjast að nýju af fullum krafti. Þá eru nemendur í sundtímum á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Á föstudögum verða íþróttatímar í Höfðaborg og er mælt með því allir séu í skóm í íþróttum.

Skólahreysti

Miðvikudaginn 29. mars keppa nemendur GAV í skólahreysti á Akureyri. Fer keppnin fram í Íþróttahöllinni og hefst kl.13:00. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk fara með keppendum til Akureyrar. Ferðin verður betur auglýst í næstu viku.

Blár dagur til stuðnings einhverfu

Alþjóðlegur dagur einhverfu er þriðjudaginn 4. apríl næstkomandi. Hvetjum við alla til að klæðast bláu og vekja þannig athygli á málefnum einhverfra barna en blái liturinn hefur fest sig í sessi sem litur einhverfunnar um heim allan. Líkt og undanfarin ár er það BLÁR APRÍL – Styrktarfélag barna með einhverfu, sem stendur fyrir deginum.

Árshátíð nemenda.

Föstudaginn 7.apríl kl. 17:00 verður árshátíð nemenda á Hofsósi. Nánari útskýringar varðandi veitingar verða sendar í tölvupósti eftir helgi.

Árshátíðin hefst kl. 17:00 og hún samanstendur af skemmtidagskrá nemenda, kaffiveitingum að dagskrá lokinni og svo dansleik til kl. 21:00. Skólabílar aka heim eftir dansleik svo foreldrar geta farið fyrr heim með yngri börn ef þeir óska þess en það er þó auðvitað sjálfsagt að vera með allan tímann ef það hentar.

Páskafri

Páskafri hefst að lokinni árshátíðinni, föstudaginn 7. apríl. Fyrsti skóladagur eftir páska er þriðjudag 18. apríl. Skóli hefst þá strax um morguninn á venjulegum tíma kl. 8:30.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi